

REGLUGERÐ

um (8.) breytingu á reglugerð nr. 653/2001 um hámark dýralyfjaleifa í sláturafurðum, eggjum og mjólk.

1. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnar (EB) nr. 1875/2004 frá 28. október 2004, sem vísað er til í XIII. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 60/2005, frá 29. apríl 2005, skal öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af reglugerð þessari, II. viðauka samningsins, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans.

2. gr.

Ofangreind reglugerð framkvæmdastjórnarinnar er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á reglugerð nr. 653/2001:

A. Lyfjaefnið Fenvalerat bætist við undirkafla 2.2.3. Þýretróid í kafla 2. Sniklalyf í viðauka I.

Lyfjafræðilega virk(t) efni	Leifamerki	Dýrategundir	Hámarksgildi leifa MRL	Markvefir	Önnur ákvæði
Fenvalerat	Fenvalerat (summa af RR-, SS-, RS- og SR-myndbrigðum)	Nautgripir	25 µg/kg 250 µg/kg 25 µg/kg 25 µg/kg 40 µg/kg	Vöðvi Fita Lifur Nýru Mjólk	Bráðbirgðahámarksgildi leifa falla úr gildi 1. júlí 2006

B. Breyting verður lyfjaefninu Natríumsalisýlat í kafla 2. Lífræn efnasambönd í II. viðauka:

Lyfjafræðilega virk(t) efni	Dýrategund	Önnur ákvæði
Natríumsalisýlat	Nautgripir, svín	Til inntöku; ekki ætlað dýrum sem gefa af sér mjólk til mannelis

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 96/1997 um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðissskoðun og gæðamat á sláturafurðum og lögum nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, ásamt síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 5. október 2007.

Einar K. Guðfinnsson.

Baldur P. Erlingsson.

Fylgiskjal.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1875/2004**

frá 28. október 2004

um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu að því er varðar natriumsalisýlat og fenvalerat

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

ber að framlengja bráðabirgðahámarksgildi leifa til 1. júlí 2006.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

4) Breyta ber reglugerð (EBE) nr. 2377/90 til samræmis við það.

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 frá 26. júní 1990 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu ⁽¹⁾, einkum 3. gr. og þriðju málsgrein 4. gr.,

5) Veita skal nægilegan frest áður en reglugerð þessari er beitt svo að aðildarríkin fái svigrúm til að gera þær breytingar, sem kunna að vera nauðsynlegar í ljósi þessarar reglugerðar, á markaðsleyfum sem hafa verið veitt fyrir viðkomandi dýralyf í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/82/EB frá 6. nóvember 2001 um bandalagsreglur um dýralyf ⁽²⁾, með hliðsjón af ákvæðum þessarar reglugerðar.

með hliðsjón af álit Lyfjamálastofnunar Evrópu sem nefndin um dýralyf setur fram,

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýralyf.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1) Öll lyfjafræðilega virk efni, sem notuð eru innan Bandalagsins í dýralyf fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis, skulu metin í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 2377/90.

1. gr.

Ákvæðum II. og III. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2) Efnið natriumsalisýlat hefur verið skráð í II. viðauka að því er varðar allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis, að undanskildum fiski, en eingöngu til staðbundinnar notkunar. Færslan skal rýmkuð þannig að nota megi það til inntöku hjá nautgripum og svínum, að undanskildum dýrum sem gefa af sér mjólk til manneldis.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

3) Bráðabirgðahámarksgildi leifa fyrir fenvalerat fellur úr gildi 1. júlí 2004. Það hefur reynst ráðlegt að greiða fyrir því að vísindarannsóknnum á því efni verði lokið og því

Hún gildir frá 28. desember 2004.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 224, 18.8.1990, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1851/2004 (Stjtið. EB L 323, 26.10.2004, bls. 6).

⁽²⁾ Stjtið. EB L 311, 28.11.2001, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2004/28/EC (Stjtið. EB L 136, 30.4.2004, bls. 58).

Nr. 965

5. október 2007

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. október 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Olli REHN

framkvæmdastjóri.

VÍÐAUKI

A. Eftirfarandi efni eða efnum er bætt við í II. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90.

2. Lífræn efnaambönd

Lyfjafræðilega virk(i) efni	Dýrategund
„Natriumsalisýlat	Naugripir, svin (1)
(1) Til inntöku; ekki ætlað dýrum sem gefa af sér mjólk til manndælis“	

B. Eftirfarandi efni eða efnum er bætt við í III. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90:

2. Sniklalýf

2.2. Útsniklalýf

2.2.3. Þýretróíð

Lyfjafræðilega virk(i) efni	Leifamerki	Dýrategund	Hámarksgildi leifa	Maukvefir
„Fenvalerat (1)	Fenvalerat (summa af RR-, SS-, RS- og SR-myndbrigðum)	Naugripir	25 µg/kg 250 µg/kg 25 µg/kg 25 µg/kg 40 µg/kg	Vöðvi Fita Lifur Nýru Mjólk
(1) Bráðbigohámarks-gildi leifa falla úr gildi 1. júlí 2006“				